

## LEIÐBEININGAR TIL VEITINGA- OG GISTISTAÐA VEGNA HÁMARKSFJÖLDA Í HÓP

4. maí 2020



Mynd: Ragnar Th. Sigurðsson

Frá og með 4. maí taka gildi nýjar reglur vegna samkomubans og hámarksfjölda í hópum og hverju rými. Er hámarksfjöldinn nú er 50 manns í stað 20 áður. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið eftirfarandi leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.

- Hver salur er eitt rými, hægt er að skipta upp í fleiri rými sjá hér að neðan.
  - Eldhús er rými.
  - Matsalur, hægt er að skipta honum upp og þannig að það eru að hámarki 50 í hverju rým. T.d. 42 gestir og 8 þjónar
  - Það má skipta sal þannig að alltaf séu auð borð í röð sem skipta salnum og búa þannig til lokað rými. Ef þessi leið er notuð skal tryggja að það séu tveir metrar á milli rýma.
  - 2 metrar á milli borða/hópa.
  - Fjölskyldur og hópar sem hafa verið í miklu samneyti áður geta setið við sama borð.
  - Sér salerni fyrir hvert rými.
  - Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að vera í eldhúsi og bera matinn fram að dyrum aðskildra rýma. Þar taka þjónar við.
  - Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að hafa sér inngang og salerni.
  - Spritt við inngang í sal og skilti sem segir fólkið að spritta sig á leið inn og leið út.
  - Þvo mat- og vínseðla á milli gesta/borða.
  - Tryggja þarf að ekki myndist örtröð í forstofu eða við inngang. Muna, tvo metrar á milli gesta.
  - Á hverri vakt fara starfsmenn ekki á milli rýma.
- 
- Hvert herbergi (gisting) er eitt rými.
  - Ekki má bóka fleiri en ca 48 í gistingu nema vera búin að skipta matsal í fleiri rými.

Munum að við erum öll í þessu saman og þannig sigrum við.